

51 hönd, jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum
6. júní bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

Framanskráðar reglugjörðarbreytingar staðfestast hjermeð samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 og 35. gr. í reglugjörð bankans, staðf. 25. nóv. 1903.

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

Í fjármálaráðuneytinu, 6. júní 1923.

Kl. Jónsson.

Gísli Ísleifsson.

52
6. júní

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Íslandsbanka, 25. nóv. 1903, með áorðnum breytingum 5. júlí 1906,
30. jan. 1909, 2. okt. 1914 og 6. júní 1923.

I. kap.

Tilgangur bankans og heimili.

1. gr.

Nafn bankans er „Íslandsbanki“.

2. gr.

Það er tilgangur bankans að efla og greiða fyrir framförum Íslands í verslun, búnaði, fiskiveiðum og iðnaði, og yfirhöfuð að bæta úr peningahögum landsins, svo sem lög 18. september 1885 hafa að augnamiði.

3. gr.

Heimili bankans og varnarþing er í Reykjavík; þar er og aðalskrifstofa hans. Hann skal hafa útibú í hinum stærri kaupþúnum Íslands, einkum á

Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Eftir ályktun fulltrúaráðsins, er sam- 52
þykkt sje með 5 atkvæðum að minsta kosti, má stofna útibú annarsstaðar á 6. júní
Íslandi. Erlendis má bankinn hafa erindrekastofur, en eigi mega þær hafa
sjálfstæð bankastörf á hendi.

II. kap.

Hlutafje bankans.

4. gr.

Hlutafje bankans, sem nú er $4\frac{1}{2}$ miljón króna, skal auka upp í 5 miljónir króna.

Pegar fjeð verður þannig aukið, skulu þeir, er upphaflega skrifuðu sig fyrir hlutum, látnir sitja fyrir að skrifa sig fyrir nýjum hlutabrfefum eftir ákvæðisverði.

Hlutirnir, er gefin verða út fyrir hlutabrfef upp á 100, 200, 1000 og 2000 kr., skulu innborgaðir til fulls, í reiðupeninga, nema hvað 44,900 kr. borgast með skuldabrfefum með 1. veðrjetti í íslenskum fasteignum, er þó nema eigi meiru en 20% af virðingarverði fasteignanna; greiðast af þeim skuldabrfefum 4% í ársvesti, og er greiðsla á þeim vöxtum trygð bankanum af landssjóði samkvæmt lögum 7. júní 1902, er og heimila bankanum að gefa út bankaskuldabrfef, sem nemi jafnmikilli upphæð og veðskuldabrfefin.

Veðskuldabrfefunum getur bankinn eigi sagt upp, en skuldunautur getur innleyst þau með reiðupeningum, eftir uppsögn með 6 mánaða uppsagnarfresti, í júní- eða desember-gjaldþaga. Nú verða veðskuldabrfef innleyst, og skal þá jafnmikil upphæð af bankaskuldabrfefum leyst inn með reiðupeningum eftir ákvæðisverði, að undangengnu hlutkesti.

5. gr.

Hlutabrfefi hverju fylgja arðmiðar og stofn; gegn því að skila honum aftur, fá menn afhenta fleiri arðmiða eftir þörfum.

Sje borgunar á arðmiða eigi vitjað hjá bankanum í síðasta lagi 5 ár frá gjaldþaga, þá er hann ógildur, og rennur andvirðið í varasjóð bankans.

6. gr.

Hlutabrfefin skulu rituð á íslensku og dönsku og hljóða upp á handhafa, en hægt er að nafnskrá þau í bækur bankans.

Framsál á nafnskráðu hlutabrfefi verður eigi gilt gagnvart bankanum fyr en það hefir verið nafnskráð í bækur bankans.

Nú glatast hlutabrfef og (eða) arðmiði eða stofn, er því heyrir til, og má þá bæta tapið með nýrri útgáfu á kostnað eiganda, þá er hann hefir fengið ógildingardóm á hinu glataða. Sje eigi hægt að fá ógildingardóm, má bæta tapið með nýrri útgáfu, þegar það að álitu bankastjórnarinnar og fulltrúa-

52 ráðsins er áhættulaust fyrir bankann. Þetta nær þó ekki til hærri hlutabryjefa
6. júní en 200 kr., sbr. lög nr. 77, 27. júní 1921, 29. gr.

7. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar bankans fram yfir ákvæðis-
verð hlutabryjefsins. Þessu ákvæði verður eigi breytt nje það felt með nein-
um ályktunum aðalfunda.

III. kap.

Seðlaútgáfurjettur bankans.

8. gr.

Með takmörkunum þeim, er settar eru hjer á eftir, hefir bankinn rjett,
til 31. des. 1933, til þess, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, að gefa út
seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er.

Til 31. okt. 1922 fer bankinn með seðlaútgáfu í ríkinu, að undantekn-
um þeim $\frac{3}{4}$ miljónar, sem ríkissjóður gefur út af seðlum.

Hinn 31. okt. 1922 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 8 miljónir
króna í seðlum.

Á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga
inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2\frac{1}{2}$ miljón
króna, en þaðan af svo að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskifta-
veltu árlega til loka leyfistímans 31. des 1933.

Stjórnarráð Íslands setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir
hvert ár.

Það er skilyrði fyrir seðlaútgáfurjetti bankans að hann:

1. hafi í vörslum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $\frac{3}{8}$ af þeirri
seðlaupphæð, sem í hvert skifti er úti;
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem
ekki er trygður með málmforðanum, svo og öðrum kröfum er á bankan-
um hvíla, er nemi jafnmiklu verði.

9. gr.

Til málmforða má teljast:

- a. lögleg gjaldgeng mynt eftir því verði, sem myntin segir til;
- b. ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2,480 kr. fyrir hvert kilo-
gram af skíru gulli;
- c. innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, hjá þjóðbankanum í Kaup-
mannahöfn, Noregsbanka, Englandsbanka eða Skotlands, svo og hjá öðr-
um bankastofnunum, sem að minsta kosti $\frac{5}{7}$ fulltrúaráðs bankans álíta
fulltrygga og taldar eru til fyrsta flokks, gegn því að kröfur þær, er

nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn Íslandsbanka, sjeu dregnar 52
frá verði málmforðans; 6. júní

d. seðlar gefnir út af

Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
Noregsbanka,
Ríkisbanka Svía,
Englandsbanka,
Skotlandsbanka,
Frakklandsbanka og
hinum þýska ríkisbanka.

Þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir staflið c. og d., mega ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ alls málmforðans.

10. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

Þó má til málmforðans telja það gull, sem sannað er um að er á leiðinni frá útlöndum til Íslands, en sem þó má eigi meiru nema en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull, sem Íslandsbanki kynni að hafa afhent til myntunar hinnar konunglegu peningasmíðju í Kaupmannahöfn, má telja til myntforða bankans.

11. gr.

Til þeirra eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, svo og aðrar kröfur, er hvíla á bankanum, teljast einkum:

Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði,
vixlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis,
kröfur á hendur útlöndum viðskiftamönnum, öðrum en þeim er getur um í

9. gr. c., er gjaldast skulu þegar heimtað er,
opinber verðbréf eftir gangverði og bankaskuldabréf þau, sem fyrir hendi eru samkvæmt 4. gr.

12. gr.

Stjórnarráðið fyrir Ísland leggur samþykki sitt á lögun seðlanna og krónutölu hvers þeirra.

13. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samninga mál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

IV. kap.

Störf bankans.

14. gr.

Bankinn hefir þesskonar störf á hendi, sem nú skal greina:

1. Að taka við peningum á dálk eða sem innláni.
2. Að lána gegn tryggingu í áreiðanlegum verðbrjefum alt að 75% af verði þeirra. Venjulega veitast lán þessi ekki nema út á skuldabryjef, er gefin eru út af ríkjum, sveitar- eða bæjarfjelögum og opinberum lánsstofnunum, og eru með kauphallarverðlagi, ennfremur út á bankahlutabryjef, sem eru með kauphallarverðlagi, og út á veðskuldabryjef fasteigna. Gegn trygging í skuldabryjefum, er út eru gefin af veðdeild Landsbanka Íslands má veita lán, þótt eigi sjeu skuldabryjefin með kauphallarverðlagi. Út á sín eigin hlutabryjef má bankinn eigi lána.
3. Að veita skyndilán gegn tryggingu í verslunarvörum.
4. Að kaupa og selja víxla, dýra málma, skuldabryjef og hlutabryjef.
5. Að ráðstafa lánum og útvega fje til fyrirtækja í atvinnuvegum.
6. Að láta í tje lán gegn sjálfskuldarábyrgð eða veði svo og á hlaupareikning.

Aðrar tegundir af bankastörfum en þær, er að framan eru greindar, má bankinn ekki takast á hendur nema samkvæmt ályktun fulltrúaráðsins, er samþykkt sje með 5 atkvæðum að minsta kosti.

V. kap.

Stjórn bankans.

15. gr.

Hag bankans og málefni annast:

- a. Fulltrúaráð (bankaráð),
- b. framkvæmdarstjórn og aðrir embættismenn,
- c. hluthafar á aðalfundi.

A. Fulltrúaráðið.

52

6. júní

16. gr.

Í fulltrúaráði bankans eru 7 menn, kýs alþingi 3 af þeim, hluthafar aðra 3. Kjör þingkjörnu fulltrúanna skal framvegis bundið við búsetu í Reykjavík. Forsætisráðherra Íslands eða sá ráðherra, sem í forföllum hans gegnir störfum hans er sjálf kjörinn formaður í fulltrúaráðinu. Þeir af fulltrúunum, er kosnir eru af hluthöfum, verða að vera skráðir hluteigendur í bankanum.

17. gr.

Þingkjörnir fulltrúar eru kosnir til 12 ára. Á hverjum reglulegum aðalfundi fer frá einn úr flokki þeirra fulltrúa, sem hluthafar kjósa. Aldursröð í ráðinu ræður því hver frá fer. Endurkjósa má fráfarinn.

18. gr.

Nú verður autt sæti í ráðinu á tímabilinu milli tveggja reglulegra aðalfunda og fyllir þá fulltrúaráðið sjálft hið auða sæti á þann hátt, að ef það er einn af hinum þingkosnu fulltrúum, er farinn er frá, kjósa hinir þingkosnu, er eftir eru, mann í sætið, og sje það einn af fulltrúum þeim er hluthafar kjósa, er farinn er, þá kjósa hinir fulltrúarnir í sama flokki mann í það. Sá, er kosning hlýtur, gegnir ekki lengur fulltrúastörfum en til þess er kosning getur fram farið á reglulegan hátt af alþingi eða hluthöfum eftir því hvorir kjósa eiga. Sá, er þá verður kosinn fulltrúi í hið auða sæti, gengur, að því er lengd starfstímans snertir, alveg í stað þess, er sæti hafði orðið autt eftir.

19. gr.

Fulltrúaráðið heldur fundi sína í Reykjavík, og boðar formaður þá með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan. Til þess að gjörð verði gild ályktun, verða 4 fulltrúar að minsta kosti að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þeir fulltrúar, er eigi geta komið sjálfir á fund, geta falið öðrum fulltrúa, er á fundinn kemur, að greiða atkvæði fyrir sína hönd, eða og sent fundinum atkvæði sín skriflega. Á fundinum ræður afl atkvæða, nema þar sem annað er ákveðið í reglugjörðinni. Þegar jöfn verða atkvæði, sker atkvæði formannsins úr.

Framkvæmdarstjórnin á rjett á að vera á fundum fulltrúaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er taka til forstjóranna sjálfra. Forstjórnarnir hafa ekki atkvæðisrjett.

Fulltrúaráðið ákveður sjálft fundarsköp sín.

20. gr.

Fulltrúaráðið hefir hina æðstu forstöðu bankans og allra mála hans á hendi.

Í öllum málefnum öðrum en daglegum störfum bankans gerir fulltrúaráðið ályktun fyrir hans hönd, nema þar sem vald til þess er í reglugjörðinni áskilið aðalfundi.

52

6. júní

Að því er snertir hin daglegu bankastörf, er falin eru framkvæmdarstjórninni, þá hefir fulltrúaráðið eigi önnur afskifti af þeim en að gefa almenn ákvæði og segja fyrir leiðbeinandi meginreglur.

Fulltrúaráðið er fyrir hönd bankans í öllum málum gagnvart hinu opinbera og öðrum mönnum, þar sem eigi er um dagleg bankastörf að ræða, svo og gagnvart hluthöfum í bankanum.

21. gr.

Fulltrúaráðið getur ályktað að fela einstökum fulltrúum sjerstakar tegundir af störfum sínum til framkvæmda og að annast endurskoðanir í skrifstofum bankans, sumpart hinar reglulegu endurskoðanir, sumpart endurskoðanir á óákveðnum tímum, enda sje ályktunin um það samþykkt með eigi færri en 5. atkv.

22. gr.

Alt það sem fulltrúaráðið gefur út frá sjer, skal undirskrifað af formanninum og einum hinna fulltrúanna. Bankinn ábyrgist allar skuldbindingar, er fulltrúaráðið gengst undir fyrir hans hönd, en gagnvart fulltrúunum sjálfum hafa menn engar kröfur í þeim efnum.

23. gr.

Jafnframt því, að landsstjórnin með því að hafa þrjá þingkosna fulltrúa í fulltrúaráðinu getur haft eftirlit með því, að bankinn hlýði fyrirmælum gildandi laga um bankann og reglugjörðar þessarar og fullnægi sjerstaklega skilyrðunum fyrir seðlaútgáfurjetti sínum, er ennfremur ákveðið, að forsætisráðherra Íslands hefur rjett til þess, hvenær sem hann vill, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sje í hinu lögákveðna hlutfalli við seðla þá, sem í veltu eru, og auk þess hefur hann aðgang að framkvæmdarstjórnar umræðum og rjett til þess, hvenær sem vera skal, að láta sýna sjer bækur bankans og skjöl.

24. gr.

Hver fulltrúanna fær í þóknun 1,000 kr. á ári auk ágóðahluta samkvæmt 39. gr. og dagpeninga og borgunar fyrir ferðakostnað.

B. Framkvæmdarstjórnin og hinir aðrir embættismenn.

25. gr.

Störf bankans annast framkvæmdarstjórn þriggja manna. Skipar ríkisstjórn Íslands tvo bankastjórnanna en fulltrúaráðið einn. Gjörir ríkisstjórnin samninga við hina fyrnefndu, en fulltrúaráðið við hinn síðastnefnda, þó þannig að fulltrúaráðið skiftir störfum milli bankastjórnanna og ákveður afstöðu þeirra hvers til annars. Fulltrúaráðið getur vikið hinum fulltrúaráðskjörna bankastjóra frá samkvæmt því, sem ákveðið er í samningnum við hann, ef ályktun um það er samþykkt með eigi færri en 5 atkvæðum.

26. gr.

Framkvæmdarstjórnin stendur fyrir daglegum störfum bankans og er fyrir hans hönd í þeim málum.

Með samþykki fulltrúaráðsins ræður hún útibústjóra, gjaldkera og bókara og vikur þeim frá, en er ein um að ráða aðra sýslunarmenn og víkja þeim frá.

Þá er framkvæmdarstjórnin gerir samninga við þessa menn, ber henni að fara eftir þeim hinum nánari ákvæðum, er fulltrúaráðið kann að setja. Sjerstaklega skal þess getið, að gjaldkera og bókara ber að setja hæfilega trygging.

Forstjórar bankans mega ekki standa í skuld við hann.

27. gr.

Það skuldbindur bankann, að undir firma hans skrifi tveir forstjórar í sameiningu eða þá einn forstjóri og með honum prókúruhafi, sem fulltrúaráðið skipar.

Í sjerstökum tilfellum getur framkvæmdarstjórn bankans með samþykki fulltrúaráðs veitt einstökum starfsmönnum bankans heimild til að rita undir skuldbindingar fyrir bankann. Allar kvittanir skulu undir firma bankans vera undirskrifaðar af gjaldkera og með áritun bókara eða aðstoðarmanns hans um, að þær sjeu athugaðar.

C. Aðalfundur.

28. gr.

Hinn reglulegi aðalfundur skal haldinn í júlímánuði ár hvert.

Aukafundir verða haldnir samkvæmt ályktun um það annað hvort á reglulegum aðalfundi eða af fulltrúaráðinu.

Fundirnir skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur fulltrúaráðið ákveðið annan fundarstað innanlands, þegar því þykir nauðsyn til bera.

29. gr.

Til aðalfunda skal boða með eigi minna en 6 vikna fyrirvara, talið frá síðustu auglýsingu, og skal fulltrúaráðið ætíð gera það. Í fundarboðsauglýsingunum skal tilgreina umræðuefnin.

30. gr.

Umræðum á aðalfundum stýrir fundarstjóri, er fundurinn sjálfur kýs. Fundarstjóri sker úr öllum formlegum atriðum, er snerta umræðurnar.

31. gr.

Á aðalfundi hefur hver fundarmaður atkvæði í hlutfalli við þá hlutaupphæð, er hann á eða sýnir umboð fyrir — 1 atkvæði fyrir hverjar 100 kr.

52

6 júní

32. gr.

Hver hluthafi er ætlað að neyta atkvæðisrjettar síns á aðalfundi, er í hönd fer, verður í síðasta lagi þrem vikum á undan fundinum að gera grein fyrir atkvæðisrjetti sínum í einhverri skrifstofu bankans, og fær hann þá aðgöngumiða til fundarins; skal tilgreint á miðanum, hve mörg atkvæði hann hafi. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum hluthafa umboð fyrir sína hönd. Aðrar heimildir til að vera fyrir hönd einhvers hluthafa á aðalfundinum verður að sanna fyrir þeirri skrifstofu, er lætur aðgöngumiða úti, áður en það er gert.

33. gr.

Á hinum reglulega aðalfundi skal þetta tekið fyrir:

1. Skýrsla fulltrúaráðsins um starfsemi bankans.
2. Framlögð endurskoðuð reikningsuppgjörð með tillögu um, hvernig verja skuli ársarðinum.
3. Tillaga um kvittun til framkvæmdarstjórnarinnar fyrir reikningsskil.
4. Kosning fulltrúa í fulltrúaráðið (16. og 17. gr.).
5. Kosning endurskoðunarmanns.
6. Úrlausn hinna annara mála, er ákveðið hefir verið að bera upp, og umræður um aðrar tillögur og uppástungur, er fulltrúaráðið eða hluthafar kunna að hafa komið fram með.

34. gr.

Tillögur frá hluthöfum er fulltrúaráðinu skylt að gera að umræðuefni. ef þær koma fram skriflega fyrir 1. apríl frá hluthöfum eða umboðsmönnum hluthafa að 100,000 kr. hlutafjárins eða þaðan af meira.

35. gr.

Á aðalfundum verður eigi greitt atkvæði um önnur umræðuefni en þau, er tekin hafa verið upp á hina auglýstu dagskrá, og breytingatillögur við þau.

36. gr.

Þá er tillögur koma fram til breytingar á reglugjörðinni, verður að taka þær sjerstaklega fram, þegar boðað er til aðalfundar; til að samþykkja breytinguna, svo að gilt sje, verða að vera á þeim fundi hluthafar eða umboðsmenn hluthafa að helmingi alls hlutafjárins að minsta kosti, og verða þvínæst að minsta kosti tveir þriðjungar allra greiddra atkvæða að vera henni fylgjandi. Nú eru eigi á þeim aðalfundi, er breytingartillögurnar eru fyrst bornar undir, hluthafar eða umboðsmenn hluthafa að helmingi alls hlutafjárins, og skal þá boða til nýs aðalfundar með 6 vikna fyrirvara, enda hafi fulltrúaráðið borið upp eða fallist á tillögurnar og ef þær á þeim fundi verða samþykktar með þrem fjórðungum allra greiddra atkvæða, þá eru þær löglega samþykktar án tillits til þess, hve margir hluthafar eða umboðsmenn þeirra voru á fundi.

Þegar aðalfundur hefir fallist á tillögur til breytingar á reglugjörðinni, skal bera þær undir stjórnarráð Íslands til samþykktar, og fá þær ekki fyrr gildi en sú samþykkt er fengin. 52
6. júní

Um allar aðrar ályktanir ræður afl atkvæða, þar sem annað er eigi sagt með berum orðum í reglugjörðinni.

37. gr.

Bóka skal umræður á aðalfundi, og skal formaður fulltrúaráðsins og fundarstjóri undirskrifa fundarbók.

38. gr.

Nú þykir forsætisráðherra einhver ályktun aðalfundar koma í bága við tilgang bankans eftir því, sem að framan er greint, eða að öðru leyti brjóta í bág við gildandi lagafyrirmæli um bankann og getur hann þá felt þá ákvörðun úr gildi.

VI. kap.

Reikningsuppgjörð, skifting ágóða og varasjóður.

39. gr.

Starfsár bankans er frá 1. janúar til 31. desember.

Nú kemur það í ljós áður en ársreikningur er saminn, að bankinn muni biða verulegt tjón á einhverjum skuldastað, og skal þá færa gjaldamegin á reikninginn upphæð þá, er ætla má, að bankinn tapi eða að minsta kosti svo háa, sem hægt er. Komi það síðar fram að eigi þurfi svo mikið, sem áætlað var, skal það, sem umfram verður, fært bankanum til tekna í næsta reikningi þar á eftir.

Reikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðanda þeim, er aðalfundur kys, og öðrum endurskoðanda, er forsætisráðherra skipar. Þeir skulu rannsaka hann og bera saman við bækur bankans og heimaðjeð. Fulltrúaráðið ákveður þóknun fyrir starf þeirra.

Við hver mánaðarlok skal birta stutt yfirlit yfir hag bankans.

40. gr.

Nú kemur það í ljós milli reikningsgjörðar og úrskurðunar reikningsins, að bankinn muni biða verulegt tjón á einhverjum skuldastað, og skal þá, áður en arði fyrir hið liðna ár er skift, færa til útgjalda þá upphæð, er ætla má að bankinn tapi, eða að minsta kosti svo háa sem hægt er. Komi það síðar fram, að eigi þurfi svo mikið sem áætlað var, skal það, sem umfram verður, fært bankanum til tekna á næsta reikningi þar á eftir.

Af árlegum arði bankans, að frátöldum 4% af hlutafjenu, skal greiða 10% í gjald til landssjóðs. Af afganginum skal fyrst leggja 10% í varasjóð, því næst skal greiða hluthöfum 4% af hlutafjenu. Af því, sem þá er afgang,

- 52** skal greiða fulltrúaráðinu 5% í ágóðahluta og 5% til framkvæmdarstjórnarinnar, en hinum 90% skiftir aðalfundur milli varasjóðs og hluthafa og skal framkvæmdarstjórn gjöra tillögur, er fulltrúaráðið felst á, um skiftingu þessa.
6. júní

VII. kap.

Almenn ákvæði.

41. gr.

Allar fundarboðanir og auglýsingar frá bankanum skal birta þrisvar sinnum í blöðum þeim á Íslandi, er löggilt eru til að birta stjórnarvalda-auglýsingar og í „Berlinga tíðindum“, annars eru þær ekki gildar. Svo má og birta þær í öðrum blöðum eftir því sem fulltrúaráðinu þykir henta.

42. gr.

Mynt sú, sem gjaldgeng er á Íslandi á hverjum tíma sem er, skal vera sú sem bankinn notar til viðskifta og í bókfærslu sinni.

43. gr.

Bankinn skal sem handveðshafi hafa rjett til þess, ef ekki er öðru vísi um samið, að selja veðið við opinbert uppboð, þá er hann hefir gjört þeim, er veðið hefur sett, aðvart um það með vottum með 30 daga fyrirvara, eða þá, ef veðsetjandi þekkist ekki eða ef ókunnugt er um heimili hans, eftir að hafa innkallað hlutaðeiganda með 60 daga fyrirvara, til þess að leysa út veðið, með opinberri auglýsingu í blöðum þeim, er ætluð eru til að flytja aðrar lögbirtingar.

44. gr.

Meðan einkarjetturinn til seðlaútgáfu varir, verður bankinn ekki lagður niður eftir neinni ráðstöfun af hálfu hluthafa. En landstjórninni er heimilt að ganga að honum og gjöra þær ráðstafanir, er þörf kann vera á, svo framarlega sem hann fullnægir ekki skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt gildandi lögum og reglugjörð þessari. En ef nokkru sinni skyldi raskast hlutfall það, er ákveðið er um grundvallan bankans, skal honum þó veittur eins mánaðar frestur til að koma því í lag.

45. gr.

Ályktun um að bankinn — eftir að einkarjetturinn til seðlaútgáfu er þrotinn — skuli lagður niður, er því aðeins gild, að á aðalfundinum sjeu hluthafar eða umboðsmenn hluthafa að helmingi hlutafjárnsins að minsta kosti, og að þrír fjórðu hlutar allra greiddra atkvæða sjeu henni fylgjandi.

Nú á að leggja bankann niður, og ákveður þá aðalfundur, hvort bankabúið skuli gjört upp af fulltrúaráðinu eða af sjerstakri nefnd, er til þess sje

kosin. Að lokinni uppgjörð skal haldinn aðalfundur og á honum skýrt frá niðurstöðu og kvittan gefin.

52
6. júní

VIÐAUKI.

Hlunnindi fyrir bankann.

a.

Íslandsbanki skal, samkvæmt því er gildandi lög mæla fyrir, hafa rjett til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað mótaðra peninga, og er það ákveðið til tryggingar Íslandsbanka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil. Seðlar þeir, sem útgefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, skulu þó vera í fullu gildi, en ekki má auka þá fram yfir það, sem nú er; þeir og seðlar Íslandsbanka skulu vera hinir einu seðlar, er gilt geti manna á milli og sem tekið skuli við í opinbera sjóði sem reiðugull væri.

b.

Hver sem býr til eftirmynd seðla, sem útgefnir eru af Íslandsbanka, eða falsar þá, skal sæta hegningu þeirri, sem ákveðin er í 266. gr. hegningarlaganna. Glæpurinn er drýgður undir eins og búið er að búa til eða falsa seðilinn, þótt ekki sje búið að láta hann úti.

*c.**

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

- a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.

Sbr. önnur nýrri ákvæði í lögum nr. 7, 4. maí 1922, 2. gr. svohljóðandi:

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

- a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.
- b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum, greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem ekki er málmtrygður eftir ákvæðum laga nr. 66, 10. nóvember 1905.
- c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðir bankinn af því, sem fram yfir er, gjald sem er 2% undir forvöxtum hans, þó aðeins af þeim hluta, sem ekki er málmtrygður. Gjald það, er ræðir um í b.- og c-lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðarlok.

52
6. júní

- b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður, eða af 62,5% af þeim seðlum.
- c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti, sem það er eigi málmtrygt, eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b. og c. lið, telst eftir seðlum sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

Að öðru leyti má aldrei íþyngja Íslandsbanka með nokkru gjaldi eða skatti öðrum en þeim, sem framan er getið, meðan hann hefir seðlaútgáfurjett samkvæmt núgildandi lögum.

d.

Jafnvel þótt stimpilgjald verði leitt í lög á Íslandi, má ekkert slíkt gjald leggja á seðla bankans, bækur hans, ávísanir nje skuldbindingar, sem útgefast af honum og í nafni hans, heldur ekki á skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, hlutabrfef bankans eða yfirfærslur á þau, nje á yfirfærslur á bankaskuldaþrfef þau, sem nefnd eru í 3. gr. laganna (4. gr. reglugjörðar þessarar).

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan lög nr. 16, 18. maí 1920 eru í gildi, skal bankinn, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu, að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr.; gegn því að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a. og b., til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin, fyrir ríkissjóðs hönd, jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður afljett, afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

Framanskráð reglugjörð staðfestist hjer með samkvæmt 33. gr. auglýsingar, dags. í dag, um staðfesting á breytingum á reglugjörð fyrir Íslandsbanka frá 25. nóv. 1903.

Þetta gjörist hjer með almenningi kunnugt.

Í fjármálaráðuneytinu, 6. júní 1923.

Kl. Jónsson.

Gísli Ísleifsson.